

Lagfæring á fossi í Sunnudalsá Vopnafirði
til að gera fossinn færan fyrir fisk.


Alitsgerð

Veiðimálastofnun

VMSTR/88014X

Eintak bókasafns

VMST-R/88014X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

Lagfæring á fossi í Sunnudalsá Vopnafirði
til að gera fossinn færan fyrir fisk.

Alitsgerð

Veiðimálastofnun

VMSTR/88014X

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Sigurður Guðjónsson

Inngangur

Sunnudalsá er allstór á sem á upptök sín í Smjörvatnsheiði, en rennur síðan um Sunnudal uns hún fellur í Hofsá neðantil. Áin er fremur snauð að næringarefnum, og rennsli breytilegt og getur áin vaxið mikið í leysingum og miklum rigningum.

Áin er fiskgeng um 7 km að fossi sem er skammt innan við bæinn Sunnuhlíð. Í ánni er sjóbleikja og lax. Á hverju ári veiðist talsvert af sjóbleikju og laxi. Veiðin sveiflast þó mikið, einkum laxveiðin, eins og reyndar er títt um ár í þessum landshluta. Svæðið ofan við foss virðist allgott á köflum til uppeldis á fiski og hefur að geyma fallega veiðistaði.

Foss

Sumarið 1987 var höfundur þessa plaggs, fiskifræðingur á Veiðimálastofnun, fenginn til að líta á áðurnefndan foss til að meta hvort unnt væri að gera hann fiskgengan.

Fossinn fellur að vestanverðu fram að hárri brún en að austanverðu rennur áin um rennu og líkist fossinn þar meira flúð. Djúpur hylur er neðan við fossinn. Það er álit mitt að með því að sprenga haft sem er ofarlega í flúðinni að austanverðu skapaðist þar renna sem að fiskur, bæði lax og bleikja, færi upp. Því miður hef ég ekki verkfræðilega þekkingu til að meta hvað slík framkvæmd kynni að kosta eða hversu vandasamt slíkt verk yrði. Það verður til að mynda að liggja fyrir hvort hætta er á að sprenging á þessum stað gæti mistekist þannig að fossinn yrði áfram ófiskgengur.

Arðsemi

Ef fossinn yrði fiskgengur opnuðust nýjar lendur (7-10 km af nýtilegu svæði) fyrir fisk. Það tæki nokkur ár þar fiskur næmi þær lendur, en flyta mætti fyrir því með því að veiða seiði neðan við foss og dreifa þeim á svæðið ofan við foss. Samt sem áður má reikna með 10 árum uns þetta nýja svæði færi að gefa af sér í veiði. Svæðið ofan við foss nýttist allt bleikju og neðsti hluti þess laxi. Hins vegar gæti lágur vatntshiti tekið fyrir laxaframleiðslu ofantil. Það er mat mitt að þegar til lengri

tíma er litið gæti laxaframleiðsla aukist um 30-60 %, en sjóbleikjuframleiðsla gæti tvöfaldast. Fiskgengd og veiði héldi hins vegar áfram að sveiflast.

Veiðifélagið verður því að meta hvort þessi aukning sé næg til að standa undir kostnaði við framkvæmdirnar. Ef út í framkvæmdir er ráðist verða menn fyrst að leita umsagnar Náttúrverndarráðs. Ef að jákvæð umsögn lægi fyrir og ákveðið væri að ráðast í framkvæmdir væri rétt að fiskifræðingur mætti á staðinn til að gera verktaka betur grein fyrir hvað þarf að gera til að ryðja þessari gönguhindrun fyrir fisk úr vegi.